

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Styrktarsjóðinn Tögg.

### 1. gr.

#### *Stofnaðild, varnarþing o.fl.*

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóðurinn Töggur og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Heimili og varnarþing sjóðsins er að Tjarnarmýri 8, Seltjarnarnesi.

Stofnandi sjóðsins er Guðný Irene Aðalsteinsdóttir, kt. 010949-5999, Tjarnarmýri 8, Seltjarnarnesi.

### 2. gr.

#### *Markmið sjóðsins og styrkveitingar.*

Markmið sjóðsins er að styrkja menningar- og líknanstarfsemi á Íslandi á þann hátt sem stjórn sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

Stjórn sjóðsins skal úthluta styrkjum í samræmi við markmið sjóðsins eftir ákvörðun hverju sinni.

### 3. gr.

#### *Stofnframlag o.fl.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 12.000.000, sem er framlag stofnanda hans. Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum sínum eignum. Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu fjármuna sjóðsins og annarra eigna hans, en heimilt er að fela sérhæfðum aðila, t.d. bankastofnun, að annast fjárvörslu.

### 4. gr.

#### *Stjórn sjóðsins o.fl.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Stjórnin skal á stofnfundi kosin til fimm ára. Eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn, en fyrri stjórnarmenn geta verið kjörnir aftur, einn eða fleiri. Við val á stjórnarmönnum skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Guðný Irene Aðalsteinsdóttir, kt. 010949-5999 sem formaður, Bryndís Björnsdóttir, kt. 290378-5919 og Ásdís Björnsdóttir, kt. 080880-3089, sem meðstjórnendur.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Við ákvarðanir innan sjóðsins, þar með talið um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða starfsmann sem vinna skal að markmiðum sjóðsins. Framkvæmdastjóri eða starfsmaður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra eða starfsmanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 5. gr.

*Endurskoðun, starfsár, ársreikningur o.fl.*

Stjórn sjóðsins skal velja löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna sjóðsins.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Fyrsta reikningsárið er frá stofnun og til næstu áramóta. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings sjóðsins eigi síðar en 1. júní ár hvert. Endurskoðaður reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar um það hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

## 6. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá, slit, staðfesting o.fl.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr., eða skyldra markmiða.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. janúar 2011.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*